

128

30. des.

L Ö G

um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

129

30. des.

RÍKISSTJÓRABRÉF,

er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar mánudaginn 10. jan. 1944.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt stjórnarskrá hins íslenska ríkis, 18. maí 1920, hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 10. janúar 1944.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 14.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.